

## Upplýsingaöryggisstefna

Brynja leggur áherslu á að verja upplýsingar félagsins fyrir öllum ógnum, innri og ytri, af ásetningi, vegna óhappa eða af slysi. Tryggja þarf öryggi með viðeigandi hætti og varðveita leynd, réttlæika og tiltækileika. Tilgangur upplýsingaöryggisstefnu er að tryggja sem best upplýsingar félagsins hvort, sem um er að ræða rekstur rafrænna upplýsingakerfa eða geymslu upplýsinga og gagna á pappír eða öðrum sambærilegum miðlum.

Upplýsingaöryggisstefna er í samræmi við persónuverndarstefnu félagsins og er þess jafnframt gætt að ef gögn glatast eða ef rafræn kerfi verða fyrir hnjaski að slík atvik hafi sem minnst áhrif á rekstur félagsins og þjónustu þess við leigjendur.

Upplýsingaöryggisstefnan nær til umgengni og vistunar allra upplýsinga (gagna) í vörslu Brynju. Einnig til allra samskipta starfsmanna, samskipta við viðskiptavinum og hagaðila og hvers konar skráningu, vinnslu, dreifingu, geymslu og eyðingu upplýsinga. Stefnan nær einnig til húsnæðis og búnaðar þar sem upplýsingar eru meðhöndlaðar eða vistaðar.

### Upplýsingarnar eru aðgengilegar þegar þörf er á

Heildarskipulagi fyrir öll gögn Brynju er haldið við, þar sem geymslustaðir allra gagna eru skilgreindir. Áhersla er lögð á að allar upplýsingar sér skráðar rétt og nákvæmlega á hverjum tíma. Ónákvæmar, villandi, ófullkomnar eða úreltar upplýsingar skal leiðrétta þegar slíkt uppgötvast.

### Leynd upplýsinga og trúnaði er viðhaldið þegar það á við

Allir starfsmenn og undirverktakar sem vinna með upplýsingar skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu í samræmi við persónuverndarstefnu félagsins og landslög. Brynja tryggir að einungis aðilar sem til þess hafa heimild hafi aðgang að upplýsingum í eigu Brynju.

Notkun starfsmanna á upplýsingakerfum er aðgangsstýrð þannig að viðkvæmar upplýsingar séu einungis tiltækar þeim starfsmönnum sem á þurfa að halda. Þá er lögð áhersla á tveggja þátta skráningu inn í upplýsingatæknikerfi félagsins þar sem því er við komið.

### Áreiðanleg og örugglega varðveitt gögn eru ávallt aðgengileg

Alltaf eru til áreiðanleg og örugglega varðveitt afrit af upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi félagsins. Gerð er krafa um að tölvufyrirtæki sem Brynja er í samstarfi við og tengjast upplýsingaöryggi félagsins hafi vottun samkvæmt upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001.

### Fræðsla til starfsmanna, viðbrögð við frávikum, brotum eða grun um veikleika

Allir starfsmenn Brynju fá fræðslu varðandi upplýsingaöryggi og ábyrgð þeirra hvað varðar upplýsingaöryggi þegar þeir hefja störf hjá félaginu. Þá er fjallað um upplýsingaöryggisstefnu félagsins að lágmarki einu sinni á ári í tengslum við reglulega starfsmannafundi. Til viðbótar er minnt á upplýsingaöryggisstefnuna reglulega og áhersla lögð á að starfsmenn tileinki sér verklag sem lágmarkar áhættu á rafrænum innbrotum í upplýsingatæknikerfi félagsins. Öll atvik skal tilkynna til ábyrgðamanns á rekstri upplýsingatæknikerfa félagsins, sem og grun um veikleika í kerfum félagsins.

## **Endurskoðun**

Upplýsingaöryggisstefna Brynju er endurskoðuð á þriggja ára fresti eða oftár ef þörf krefur.

Stefna þessi tók gildi þann 28. september 2023.